

**Sp.**

## **523. Beiðni um skýrslu**

frá iðnaðarráðherra, um nógildandi áætlanir um stofnkostnað og arðsemi sjóefnavinnslu á Reykjanesi.

Frá Kjartani Jóhannssyni, Karli Steinari Guðnasyni, Sighvati Björgvinssyni,  
Benedikt Gröndal, Vilmundi Gylfasyni, Árna Gunnarssyni, Geir Gunnarssyni,  
Magnúsi H. Magnússyni, Karvel Pálmasyni og Jóhönnu Sigurðardóttur.

Með vísan til 31. gr. laga um þingsköp Alþingis óska undirritaðir þingmenn eftir því, að iðnaðarráðherra gefi Alþingi skýrslu um nógildandi áætlanir um stofnkostnað og arðsemi sjóefnavinnslu á Reykjanesi svo og um framkvæmdaáætlun.

Alþingi, 15. mars 1982.

Kjartan Jóhannsson.  
Benedikt Gröndal.  
Geir Gunnarsson.

Karl Steinar Guðnason.  
Vilmundur Gylfason.  
Magnús H. Magnússon.  
Jóhanna Sigurðardóttir.

Sighvatur Björgvinsson.  
Árni Gunnarsson.  
Karvel Pálmason.

Til forseta sameinaðs Alþingis.

### **Greinargerð.**

Hinn 22. maí 1981 voru samþykkt á Alþingi lög sem heimiluðu ríkisstjórninni að beita sér fyrir stofnun hlutfélags til að reisa og reka sjóefnavinnslu á Reykjanesi svo og að leggja fram hlutafé úr ríkissjóði og veita ríkisábyrgð fyrir lánnum eða taka lán til handa hlutfélaginu.

Þessar samþykktir voru gerðar á grundvelli þeirra áætlana sem þá lágu fyrir. Nú hefur komið fram í blaðaskrifum að þessar áætlanir standist ekki. Nauðsynlegt er að Alþingi fái sem gleggstar og réttastar upplýsingar um forsendur rekstrar og framkvæmda. Því er þessi beiðni um skýrslu fram borin.